

TILSKIPUN RÁÐSINS 93/54/EBE

frá 24. júní 1993

um breytingu á tilskipun 91/67/EBE um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu fiskeldistegunda og -afurða

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 43. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í samræmi við 28. gr. tilskipunar ráðsins 91/67/EBE frá 28. janúar 1991, um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu fiskeldistegunda og -afurða ⁽⁴⁾, er nauðsynlegt að endurskoða skrána yfir sjúkdóma í viðauka A við þá tilskipun. Þessi endurskoðun verður bæði að taka mið af skýrslu framkvæmdastjórnarinnar um fengna reynslu og álitum vísindanefndarinnar um dýraheilbrigði.

Að fengnu álitum vísindanefndarinnar um dýraheilbrigði verður að breyta skránni yfir sjúkdóma til að taka mið af nýjustu niðurstöðum í faraldursfræði og fenginni reynslu.

Nauðsynlegt er að endurskoða ástandið að því er varðar sjúkdóma sem eru framandi í bandalaginu og á grundvelli fyrirliggjandi faraldursfræðilegra gagna ber að meta að nýju ákveðna sjúkdóma sem eru landlægir í bandalaginu með hliðsjón af tilteknum tegundum sem eru smitnæmar fyrir þeim og með hliðsjón af flokkun þessara sjúkdóma í skráum II eða III í viðauka A við tilskipun 91/67/EBE.

Nauðsynlegt er að skýra tilteknar kröfur sem mælt er fyrir um í tilskipun 91/67/EBE, einkum þær sem varða viðurkenningu á svæðum og skilyrði sem gilda um markaðssetningu fiskeldistegunda sem eru ekki smitnæmar.

SAMPYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á tilskipun 91/67/EBE:

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. C 324, 10. 12. 1992, bls. 16.⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. C 150, 31. 5. 1993.⁽³⁾ Stjttíð. EB nr. C 129, 10. 5. 1993, bls. 6.⁽⁴⁾ Stjttíð. EB nr. L 46, 19. 2. 1991, bls. 1

1. Í 3. gr.

a) komi eftirfarandi í stað c-liðar 1. mgr.:

„c) Þau mega ekki koma frá eldisstöð sem er í banni af dýraheilbrigðissjónarmiðum og mega ekki hafa komist í snertingu við dýr frá slíkri eldisstöð, einkum dýr frá eldisstöð sem eftirlitsráðstafanir gilda um í tengslum við tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 93/53/EBE frá 24. júní 1993 um lágmarksráðstafanir bandalagsins vegna eftirlits með tilteknum fisksjúkdómum (*);

(*) Stjttíð. EB nr. L 175, 19. 7. 1993, bls. 23.“

b) bætist við eftirfarandi málsgrein:

„4. Þessi grein gildir með fyrirvara um ákvæði tilskipunar 93/53/EBE að því er varðar eftirlit með tilteknum fisksjúkdómum, einkum sjúkdómum í skrá I.“

2. Í stað inngangsorða 1. mgr. 5. gr. komi eftirfarandi:

„1. Til að fá svæði viðurkennt vegna eins eða fleiri sjúkdóma sem um getur í 1. dálki í skrá II í viðauka A skulu aðildarríkin leggja fyrir framkvæmdastjórnina:“

3. Í stað 2. mgr. 5. gr. komi eftirfarandi:

„2. Framkvæmdastjórnin skal grandskoða upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. Í samræmi við málsmæðferðina í 26. gr. skal framkvæmdastjórnin viðurkenna þessi svæði á grundvelli slíkra upplýsinga. Ef opinbera þjónustustofnunin afturkallar viðurkenningu á svæði í samræmi við 5. lið þáttar D í I. hluta, þátt D í II. hluta eða 5. lið þáttar D í III. hluta viðauka B skal framkvæmdastjórnin afturkalla ákvörðun sína um viðurkenningu. Við endurnýjun á viðurkenningu á viðkomandi svæði skal fylgja málsmæðferðinni sem mælt er fyrir um í 26. gr.“

4. Í 1. mgr. 6. gr. komi eftirfarandi í stað inngangsorðanna:

„1. Til að fá eldisstöð viðurkennda á svæði sem hefur ekki hlotið viðurkenningu, vegna eins eða fleiri sjúkdóma sem um getur í 1. dálki í skrá II í viðauka A,

skulu aðildarríkin leggja fyrir framkvæmdastjórnina:“

5. Í 1. mgr. 7. gr. komi eftirfarandi í stað inngangsorðanna:

„1. Markaðssetning lifandi fiskis af þeim tegundum sem eru smitnæmar og um getur í 2. dálki í skrá II í viðauka A, hrogn þeirra eða svilja, skal háð því að eftirfarandi viðbótarkröfum sé fullnægt:“

6. Í 1. mgr. 8. gr. komi eftirfarandi í stað inngangsorðanna:

„1. Markaðssetning lifandi lindýra sem um getur í 2. dálki í skrá II í viðauka A skal háð því að eftirfarandi viðbótarkröfum sé fullnægt:“

7. Í 9. gr. komi eftirfarandi í stað fyrsta málslíðar í 1. lið:

„1. Fiskur sem er smitnæmur fyrir sjúkdómunum sem um getur í 1. dálki í skrá II í viðauka A skal aflífaður og slægður fyrir afgreiðslu.“

8. Í 9. gr. komi eftirfarandi í stað fyrsta málslíðar í 2. lið:

„2. Lifandi lindýr sem eru smitnæm fyrir sjúkdómunum sem um getur í 1. dálki í skrá II í viðauka A skal afhenda annaðhvort beint til manneldis eða til lagmetisíðnaðarins og þeim ekki sleppt nema:“

9. Í stað 14. gr. komi eftirfarandi:

„14. gr.

1. Með fyrirvara um kröfur vegna sjúkdóma sem um getur í 1. dálki skrár III í viðauka A, settar samkvæmt málsmeðferðinni í 12. og 13. gr., skal markaðssetning á lifandi eldisfiski (lindýrum eða krabbadýrum), sem er ekki af smitnæmum tegundum samkvæmt 2. dálki í skrá II í viðauka A, og hrogn þeirra og svil vera háð því að eftirfarandi viðbótarkröfum sé fullnægt:

- a) þegar flytja á hann inn á viðurkennt svæði, verður að fylgja honum flutningsskýrsla samkvæmt 11. gr. sem samsvarar fyrirmyndinni sem er ákveðin í samræmi við málsmeðferðina í 26. gr., til staðfestingar á að hann komi frá svæði með sömu heilbrigðisviðurkenningu, frá viðurkenndri eldisstöð á svæði sem hefur ekki hlotið viðurkenningu eða frá eldisstöð sem getur verið á svæði sem hefur ekki hlotið viðurkenningu, að því tilskildu að í þeirri

eldisstöð sé ekki að finna fisk af smitnæmum tegundum sem um getur í 2. dálki í skrá II í viðauka A og að hún tengist ekki vatnsfalli, hafströnd eða ármynni.

Þar til niðurstöður endurskoðunarinnar sem kveðið er á um í 28. gr. liggja fyrir geta aðildarríkin, í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í 26. gr., farið fram á undanþágu frá undanfarandi undirgrein, einkum með það í huga að banna aðflutning á viðurkennt svæði á fiski sem um getur í þessari málsgrein og koma frá viðurkenndri eldisstöð á svæði sem hefur ekki hlotið viðurkenningu, að því tilskildu að í þeirri eldisstöð sé ekki að finna fisk af smitnæmum tegundum sem um getur í 2. dálki í skrá II í viðauka A og að hún tengist ekki vatnsfalli, hafströnd eða ármynni. Samkvæmt sömu málsmeðferð skal ákveða viðeigandi skilyrði og ráðstafanir til að tryggja að ákvæðinu verði fylgt á einsleitán hátt. Uns ákvarðanir liggja fyrir skulu innlendar reglur gilda áfram, að því tilskildu að þær séu í samræmi við almenn ákvæði sáttmálans;

- b) þegar flytja á hann í eldisstöð sem fullnægir skilyrðum viðauka C, enda þótt hún sé á svæði sem hefur ekki hlotið viðurkenningu, verður að fylgja þeim flutningsskýrsla samkvæmt 11. gr. sem samsvarar fyrirmyndinni sem er ákveðin í samræmi við málsmeðferðina í 26. gr., til staðfestingar á að hann komi frá viðurkenndu svæði, frá eldisstöð með sömu heilbrigðisviðurkenningu eða frá eldisstöð sem getur verið á svæði sem hefur ekki hlotið viðurkenningu, að því tilskildu að í þeirri eldisstöð sé ekki að finna fisk af smitnæmum tegundum sem um getur í 2. dálki í skrá II í viðauka A og að hún tengist ekki vatnsfalli, hafströnd eða ármynni.

2. Kröfurnar sem mælt er fyrir um í 1. mgr. gilda um markaðssetningu á lindýrum frá eldisstöð sem eru ekki af þeim smitnæmu tegundum sem um getur í 2. dálki í skrá II í viðauka A.

3. Með fyrirvara um kröfur vegna sjúkdóma sem um getur í 1. dálki skrár III í viðauka A, settar samkvæmt málsmeðferðinni í 12. og 13. gr., skal markaðssetning á villtum fiski, lindýrum eða krabbadýrum, hrognum þeirra og sviljum, vera háð því að eftirfarandi viðbótarkröfum sé fullnægt:

- a) þegar flytja á þau inn á viðurkennt svæði verður að fylgja þeim flutningsskýrsla samkvæmt 11. gr. sem samsvarar fyrirmyndinni sem er ákveðin í samræmi við málsmeðferðina í 26. gr., til staðfestingar á að þau komi frá svæði með sömu heilbrigðisviðurkenningu;
- b) þegar flytja á þau í eldisstöð sem fullnægir skilmálum viðauka C, enda þótt hún sé á svæði sem hefur ekki hlotið viðurkenningu, verður að fylgja þeim flutningsskýrsla samkvæmt 11. gr. sem samsvarar fyrirmyndinni sem er ákveðin í samræmi

- við málsmeðferðina í 26. gr., til staðfestingar á að þau komi frá viðurkenndu svæði;
- c) ef slík dýr eru veidd út á opnu hafi og eru notuð til ræktunar á viðurkenndum svæðum og eldisstöðvum verður að setja þau í sóttkví sem eru undir eftirliti opinberu þjónustustofnunarinnar á hentugum starfssvæðum og samkvæmt viðeigandi skilyrðum sem skal setja í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 26. gr.

4. Kröfurnar sem mælt er fyrir um í 1., 2. og 3. mgr. gilda ekki ef reynslan hefur sýnt og/eða vísindalegar staðreyndir að ekkert aðfengið smit berst þegar fiskeldisdýr, sem eru ekki af smitnæmu tegundunum er um getur í 2. dálki í skrá II í viðauka A, eru flutt frá svæði sem ekki er viðurkennt til viðurkennds svæðis.

Í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 26. gr. skal framkvæmdastjórnin gera skrá yfir þau fiskeldisdýr sem undanþágan sem um getur í fyrstu undirgrein gildir fyrir og, ef nauðsyn krefur, breyta þeirri skrá í ljósi framfara á sviði vísinda og tækni. Setja skal sérstök skilyrði fyrir markaðssetningu slíkra dýra, þar með talið um tilskilið fylgiskjal, og þeim breytt samkvæmt sömu málsmeðferð.

5. Þessi grein gildir ekki um hitabeltisskrautfiska sem eingöngu eru höfð í fiskabúrum. “

13. Í stað viðauka A komi eftirfarandi:

„VIDAUKIA

SKRÁ YFIR SJÚKDÓMA/SJÚKDÓMSVALDA Í FISKUM, LINDÝRUM OG KRABBADÝRUM

1	2
Sjúkdómur/sjúkdómsvaldur	Smitnæmar tegundir
SKRÁ I	
Fiskur	
Smitandi blóðleysi í löxum (ISA)	Lax (<i>Salmo salar</i>)
SKRÁ II	
Fiskur	
Bakteríu-blóðeitrun (VHS)	Laxategundir, Harri (<i>Thymallus thymallus</i>); Tjarnasíld (<i>Coregonus spp.</i>); Gedda (<i>Esox lucius</i>); Sandhverfa (<i>Scophthalmus maximus</i>);
Smitandi blóðmyndandi frumudauði (IHN)	Laxategundir Gedduseyði (<i>Esox lucius</i>)
Lindýr	
<i>Bonomia ostreae</i>	Ostra (<i>Ostrea edulis</i>)
<i>Marteilia refringens</i>	Ostra (<i>Ostrea edulis</i>)

10. Eftirfarandi málsgrein bætist við í 19. gr.:

„4. Hafi ákvörðun ekki verið tekin fyrir 1. janúar 1994 um að semja skrána sem um getur í 1. mgr. er heimilt að setja bráðbirgðaráðstafanir í samræmi við málsmeðferðina í 26. gr. sem gilda í þrjú ár.“

11. Eftirfarandi málsgrein bætist við í 20. gr.:

„3. Uns innflutningsskilyrðin sem kveðið er á um í þessari tilskipun hafa verið sett skulu aðildarríkin tryggja að innflutningur á fiskeldisdýrum og -afurðum frá þriðju löndum sé háður skilyrðum sem eru að minnsta kosti sambærileg þeim skilyrðum sem gilda um framleiðslu og markaðssetningu á bandalagsvörum.“

12. Í stað 24. gr. komi eftirfarandi:

„24. gr.

Ef smitsjúkdómur í fiskeldisdýrum, sem líklegt er að geti stofnað heilbrigði stofna í aðildarríki í hættu, brýst út eða breiðist út í þriðja landi, eða réttlæti aðrar heilbrigðisástæður slíkt, skulu reglur, málsmeðferð og ráðstafanir sem mælt er fyrir um í 19. gr. tilskipunar 90/675/EBE gilda, að því er varðar fiskeldisafurðir, og þær sem mælt er fyrir um í 18. gr. tilskipunar 91/496/EBE skulu gilda um fiskeldisdýr.“

1	2
Sjúkdómur/sjúkdómsvaldur	Smitnæmar tegundir
<p>SKRÁ III</p> <p>Fiskur</p> <p>Smitnæmt drep í brisi (IPN)</p> <p>Vorveira í vatnakarpa (SVC)</p> <p>Nýrnaveiki (BKD)</p> <p><i>(Renibacterium salmonidarum)</i></p> <p>Kýlaveiki (<i>Aeromonas salmonicida</i>)</p> <p>(Rauðmunnaveiki) (ERM)</p> <p><i>(Yersinia ruckeri)</i></p> <p><i>Gyrodactylus salaris</i></p> <p>Krabbadýr</p> <p>Krabbapest (<i>Aphanomycois astaci</i>)</p>	<p>Verða tilgreindar í áætluninni sem um getur í 12. og 13. gr.“</p>

14. Tilvísanir í „skrá I“ í viðauka A falli niður í viðaukum B, C og D.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnáslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 1. júlí 1994. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni.

Þegar aðildarríkin samþykkja ráðstafanirnar skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 24. júní 1993.

Fyrir hönd ráðsins,

B. WESTH

forseti.